

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

3. apríl 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nemendur 9. bekkjar héldu kaffihús á Hólum, var sú samkoma vel sótt og stóðu krakkarnir sig feikivel undir leiðsögn Völu Kristínar Ófeigsdóttur.

Í vikunni sem er að líða fóru 8.-10. bekkur á fræðslufund um fjármál á Sauðárkróki, þar sem tónlistarmaðurinn Jón Jónsson fór yfir mikilvægi þess að setja sér markmið og hvernig er hægt að láta peningana endast aðeins lengur. Voru nemendur almennt ánægðir með fræðsluna.

Allir nemendur skólans hafa verið í danskennslu hjá Ingunni Margréti Hallgrímsdóttur og hafa nemendur sýnt ansi lipra takta. Lauk kennslunni svo með danssýningu.

Því miður frestaðist fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar, um að láta draumana rætast. Þorgrímur mun koma í skólann í byrjun maí í staðinn. Einnig frestaðist koma fulltrúa frá Skákfélagi Sauðárkróks og verður ný dagsetning ákveðin síðar.

Starfið framundan:

Árshátíð.

Árshátíð Grunnskólans á Hofsósi verður haldin föstudaginn 11. apríl og hefst hún kl. 20. Þar munu nemendur að vanda bjóða upp á góða skemmtun og á eftir verða kaffiveitingar og dansiball til kl. 00:30. Foreldrar nemenda í 8.-10. bekk þurfa að leggja til veitingar og einnig verður haft samband við einhverja þeirra vegna aðstoðar í eldhúsi. Þetta verður nánar kynnt þeim sem hlut eiga að máli í næstu viku.

Gistinótt 1. - 4. bekkjar

Í dag fimmtudaginn 3. apríl er gistinótt hjá 1. – 4. bekk. Kristín Bjarnadóttir og Elsa Stefánsdóttir verða með nemendunum.

Páskafri

Nemendur skólans verða í páskafri frá 12.– 22. apríl. Hefst skóli á venjulegum tíma miðvikudaginn 23. apríl.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi